



Afgreiðslutími um jól og áramót

Þorláksmessa	23.12	9-18
Aðfangadagur	24.12	10-14
Jóladagur	25.12	Lokað/Closed
Annar í jólum	26.12	12-16
Gamlársdagur	31.12	10-14
Nýársdagur	1.1.17	Lokað/Closed
2. janúar	2.1.17	12-18

Jóla-og nýárs kveðja
Starfsfólk Bjarnabúðar

Ágætu íbúar og gestir Bláskógabyggðar



Gleðileg jól og gott nýtt ár.




Áramótabrennur verða á eftirtöldum stöðum í sveitarfélaginu.

Í Laugarási við Höfðavegin kl. 20:30.

Í Reykholti á túninu bakvið Bjarnabúð. kl. 20:30 og flugeldasýningu kl. 21:00

Á Laugarvatni er Björgunarsveitin Ingunn með brennu og flugeldasýning við vatnið kl. 21:00.



15. árgangur 11. tbl. desember 2016.

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir
Á.b.m: Valtýr Valtýsson

Gleðileg jól



Opnunartími skrifstofu
Bláskógabyggðar um
hátiðarnar:

26. desember LOKAÐ
27. desember 8.30 - 16.00
28. desember 8.30 - 16.00
29. desember 8.30 - 16.00
30. desember. 8.30 - 12.30



Jólakveðja

Óskum íbúum Bláskógabyggðar
og öllum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla.

Með ósk um gott og farsælt nýtt ár.
Þökkum liðið ár.

Sveitarstjórn og starfsfólk skrifstofu
Bláskógabyggðar.



Oddvitapistill

Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 2. desember sl. var fjárhagsáætlun fyrir árin 2017-2020 tekin fyrir og samþykkt. Gríðarleg vinna liggur að baki hjá stjórnendum sveitarfélagsins við að koma fjárhagsáætluninni saman og vil ég nota tækifærið og þakka öllum aðilum sem að henni komu kærlega fyrir góða og mikla vinnu. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins verði tæpur 1,2 milljarðar, gjöldin 1,1 milljarðar og að teknu tilliti til fjármagnsliða og fjármagnsgjalda verður rekstrarhagnaður um 32 milljónir. Gert er ráð fyrir miklum fjárfestingum á árinu 2017 eða fyrir samtals um 191 milljón króna. Eignasjóður fær um 84 milljónir til fjárfestinga, vatnsveitan 58 milljónir, fráveitan 30 milljónir og Bláskógaveita 19 milljónir. Til að mæta þeim miklu fjárfestingum sem framundan eru þarf sveitarfélagið að taka 160 milljón kr. lán vegna þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru á árinu 2017. Sá málaflokkur sem tekur hvað mest til sín hjá sveitarfélaginu eru fræðslu- og uppeldismálin eða 521 milljón. Ég mun í næstu pistlum segja meira og betur frá fjárhagsáætluninni og frá þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á árinu 2017.

Á fundi samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var á Hnappavöllum í október var samþykkt tillaga frá Bláskógabyggð, um að skipaður verði starfshópur til að vinna að tillögum um tekjuöflun og tekjuskiptingu af ferðamönnum. Starfshópurinn skal skila skýrslu um málefnið, sem verði notuð sem grunnur að málþingi. Mikil umræða hefur átt sér stað í þjóðfélaginu um tekjuöflun af ferðamönnum, en engin niðurstaða hefur fengist í málið, sem er mjög slæmt, því fjármagn vantar til innviða uppbyggingar hjá ríki og sveitarfélögum. Það er mikilvægt að sveitarfélög á suðurlandi standi saman í þessu máli og verði leiðandi í umræðunni um tekjuöflun af ferðamönnum.

Nú ætti græntunnan að vera komin inn á hvert heimili í sveitarfélaginu. Í grænu tunnuna á að fara allt plast, sem kemur frá heimilum. Á hverju heimili eru nú þrjár tunnur, ein fyrir almennt sorp, ein fyrir pappír og að lokum sú nýjasta fyrir plast. Almenna sorpið verður losað á þriggja vikna fresti og hinar tvær á sex vikna fresti. Á heimasíðu Bláskógabyggðar undir flípanum sorpmál eru leiðbeiningar um flokkun og ýmis annar fróðleikur um þennan málaflokk. Þar er einnig sorpdagatal sem sýnir í hvaða viku hver tunna er losuð. Einnig er hægt að hafa samband við Bjarna Daníelsson, sími: 860-4440, ef einhverjar spurningar vakna um sorpmál. Nú er búið að taka nýjan ramp í notkun á gámasvæðinu á Laugarvatni og mun hann breyta miklu varðandi umgengni og aðkomu að gámunum.

Jólaball og spilakvöld

Kvenfélags Laugdæla

Jólaball Kvenfélags Laugdæla verður haldið fimmtudaginn 29. des. Frá kl. 14:00—16:00 í Bláskógaskóla á Laugarvatni.

Aðgangur ókeypis

Sama kvöld kl. 20:00 hefst svo hið sívinsæla spilakvöld kvenfélagsins.

Aðgangur 1.200 kr.

Kaffihlaðborð að hætti kvenfélagskvenna!

Tökum kort



Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Biskup

Fer fram í húsi björgunarsveitarinnar



OPNUNARTÍMAR FLUGELDASÖLU

Miðvikudaginn	28. des 18-21
Fimmtudaginn	29. des 18-21
Föstudaginn	30. des 12-22
Laugardagurinn	31. des 10-16

FLUGELDASÝNING KL. 21

Flugeldasýningin sést vel frá brennuni sem byrjar kl. 20:30



Rúlluplast

Rúlluplast verður tekið hjá þeim bændum sem vilja **í desember**

Vinsamlegast látið vita á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-3000 eða

í tölvupósti á

gudrunh@blaskogabyggd.is.

Einnig er hægt að hafa fasta mánuði hjá þeim bændum sem það vilja.

Komudagar rúlluplastsbíls verða auglýstir í Bláskógafréttum og á heimasíðu Bláskógabyggðar <http://www.blaskogabyggd.is/>

Ef bændur vilja fá senda tilkynningu um komudaga í tölvupósti vinsamlegast látið vita.



Kæru sveitungar

Gallerý Rós tekur við pöntunum á ullarvörum og öðrum tækifærisgjöfum allt árið. Síminn hjá okkur er 4868946/8659300.



Íþróttamiðstöðin Reykholti.

Vetraropnunartími

15. ágúst – 26. maí

Mánudaga 14:00-18:00.

Þriðjudaga 14:00-22:00

Miðvikudaga 14:00-18:00.

Fimmtudaga 14:00-22:00..

Föstudaga lokað.

Laugardaga 10:00-18:00.

Sunnudaga lokað.

Opnunartími um jól og áramót.

23. til 26. des Lokað

27. des 14:00 –22:00

28. des 14:00 -18:00

29. des 14:00-22:00

30. des Lokað

31. des Lokað

1. jan Lokað

Síðan tekur við hefðbundin vetraropnun.

Íþróttamiðstöðin í Reykholti óskar öllum gleðilegra og farsældar á nýju ári.



KV Starfsmenn.

Þó aðventan sé gengin í garð er jólasnjórinn og veðráttan ekki að minna mann á að jólin séu á næsta leiti. Óvenju milt og gott veður hefur verið í haust, og það er varla hægt að segja að vetur sé genginn í garð. Það, sem minnir mann helst á jólin, eru jólaljósir, auglýsingabæklingar sem berast með póstinum og tillhlökkunin sem maður sér í andlitum barnanna. Jólin eru tími ljóss og friðar, kærleika og vináttu og við skulum ekki spara falleg orð til þeirra sem okkur þykir vænt um og njótum samveru með ástvinum.

Kæru íbúar og gestir Bláskógabyggðar ég óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakka fyrir árið sem er að líða.

Jólaþak

Nóg í bili.

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	



Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladaag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Gunnar Sverrisson er starfsmaður gámastöðva á Heiðarbæ, Lindarskóga og Vegholts. Síminn hjá honum er 860-6609



Jólaganga í skógi



Vegna þess hve vel tókst til með skógargöngu fyrir ári síðan mun heimilisfólkið í Hrosshaga nú endurtaka leikinn.

Við bjóðum sveitungum og öðrum gestum að koma í skógargöngu um skóginn í Hrosshaga laugardaginn 10. desember kl 15. Boðið verður upp á heitt kakó í skóginum. Einnig ketilkaffi ef viðrar til að kveikja eld. Gangan er létt og ekki löng, fyrst og fremst vonumst við eftir góðri stund í fallegum og jólalegum skógi. Mæting á Svefnholtinu, sem er hæð skammt neðan við afleggjarann að Hrosshaga.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest

Flugeldasala Björgunarsveitanna.

Kæru sveitungar Björgunarsveitin Ingunn verður með sína árlegu flugeldasölu dagana 28-31 desember. Þar verður hægt að gera góð kaup í flugeldum, fjölskyldupökkum og skottertum. Við viljum þakka fyrir viðskiptin í flugeldasölu síðustu ára og minna á að allur ágóði af flugeldasölu björgunarsveitanna rennur óskiptur til viðkomandi eininga. Minnum á okkar árlega brennu og flugeldasýningu 31.des

Opnunar tími Laugarvatni, verðum við Samkaup strax Laugarvatn ,sama stað og í fyrra.

28.des 16:00 til 20:00

29.des 12:00 til 20:00

30.des 12:00 til 21:00

31.des. 11:00 til 16:00



Frá heilsugæslunni í Laugarási.

Opið frá kl 8:30 á morgnana

til kl 16:30 virka daga

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU 432 2000

Sími Neyðarlínu 112



Getraunanúmer UMF. Bisk. er
803

Styðjum okkar félag þegar við
tökum þátt í getraunum.



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



Bókasafnið í Reykholtsskóla er opið

Opnunartímar eru á þriðjudögum kl. 17-19.

Hvað er betra en að lesa góða bók í myrkri skammdegisins?

Kíkið við og kynnist heillandi hugarheimi bókanna.

Athugið að einnig er hægt er að skila bókum á opnunartíma skólans.



Lyfja-útibú Laugarási

Breyttur opnunartími
frá 1. febrúar 2016

kl **10 - 16.30** mánudaga –
fimmtudaga og

kl **10-13** á **föstudögum**

Stöndum vörð um þjónustu í
Uppsveitum
Verslum í heimabyggð!



Orkusalan kom færandi hendi, en hún hefur ákveðið að gefa öllum sveitafélögum á landinu hleðslustöð fyrir rafbíla. Á myndinni er Friðrik Valdimar Árnason frá Orkusölunni að afhenda Valtý Valtýssyni sveitarstjóra Bláskógabyggðar hleðslustöðina.

Í fréttatilkynningu Orkusölunnar segir að með framtakinu sé ætlun fyrirtækisins að gera rafbílaeigenum það auðveldara að ferðast um landið, en hingað til hafi það verið illmögulegt vegna fárra hleðslustöðva á Íslandi. Hafliði Ingason, sölustjóri Orkusölunnar, segir að með þessu sé fyrirtækið að ýta mikilvægum bolta af stað, sýna samfélagslega ábyrgð og skila þannig sínu í innviði landsins.



TAXI er á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjær. og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER
Sími: 7760810 & 7831224

Frá Búnaðarfélagi

Til sölu er mynndiskur um mannlíf í
Biskupstungum tekinn á
árunum 1985-1986,
Til sölu hjá Svavari Sveinssyni
Gilbrún, Dalbraut 1 Reykholti og á
skrifstofu Bláskógabyggðar
verð 2.500 kr
Sími 895-4430 og 486-8925.



Bókasafn Menntaskólans að Laugarvatni er opið sem hér segir:

Mánudaga 09.00-12.15 og 13.00-17.00

Þriðjudaga 10.30-12.15 og 13.00-17.00

Miðvikudaga 13.00-18.00

Fimmtudaga 09.00-12.15 og 13.00-17.00

Lestímar menntaskólanema mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17.00-18.00

Bókasafnstímar í Bláskógaskóla þriðjudaga frá kl. 09.00-10.30



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í janúar 2017. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. janúar 2017.

Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000

Bílaviðgerðir, Smurþjónusta og dekkþjónusta

BÍLAÞJÓNUSTA



VALBERGS

Lindarskógur 10, 840 Laugarvatn
775-2620 & 486-8600
www.facebook.com/valbergs

Bowentækni meðferð



Við bjóðum upp á Bowen í Reykholti.

Bowen er mjúk heildræn meðhöndlun á vefjum, aðallega bandvef.

Meðferðin örvar líkamann og hefur þau áhrif að hann virkjar heilunarmátt líkamans til þess að lækna sig sjálfur. Nánari upplýsingar má finna á bowen.is

Nils Bowentæknir vinnur á þriðjudögum og fimmtudögum í íþróttahúsinu í Reykholti. Tímapantanir í síma 897-6944.

Regína Rósa Bowentæknir. Tímapantanir eftir samkomulagi í síma 661-0053.



Viðhald & Dráttur



Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Águst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com
Hrosshagi - 801 Selfoss

NUDD Í REYKHOLTI.

Ertu með sára og auma vöðva? Vöðvabólgu? Festur í liðum? Eða langar bara í smá dekur?

Hafðu þá samband í síma: 892-5991



Íris Svavarsdóttir nuddari.

Skötuveisla Við Faxa.

Við verðum með skötuveislu í hádeginu á Þorláksmessu frá 11,30 til 14,00

Á borðum verður skata og saltfiskur ásamt klassisku meðlæti



Verð 2.500 kr. á mann
Hálfvirði fyrir börn á grunnskólaaldri og frítt fyrir yngri.

Borðapantanir í síma 774 7440 í síðasta lagi 22. des.



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Heilsulind frá landnámi



ICETHAI



Óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Inn til fjalla

Bækurnar **Inn til fjalla** eru til sölu á skrifstofu Bláskógabyggðar. Bækurnar voru á sínum tíma gefnar út af Félagi Biskupstungnamanna í Reykjavík en þær segja frá mörgu fróðlegu um fólk og mannlíf í Biskupstungum. Þrjú bindi voru gefin út á sínum tíma, annað bindið hefur ekki verið fánlegt í nokkurn tíma.

Hver bók kostar 2000 kr. en ef allar þrjár bækurnar eru keyptar í einu kostar þær 5000 kr.

Nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu Bláskógabyggðar eða í

síma 480-3000.



Bláskógabyggð. Grímsnes og Grafningshreppur

Grátunna

Blátunna

Plasttunna

Desember						
sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

Janúar 2017						
sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Febrúar						
sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28				

Mars						
sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

apríl						
sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

Leiðsla
ER KOMIN ÚT!
TILVALIN JÓLAGJÖF.
FÆST Á
WWW.EGILLPALSSON.COM

EGILL ÁRNI PÁLSSON
TENOR
KRISTINN ÖRN KRISTINSSON
PIÁNÓ

GESTIR:
KRISTINN SIGMUNDSSON
ODDUR ARNÞÓR JÓNSSON
KARLAKÓRINN ÞRETTIR
MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
SOPHIE SCHOONJANS



Lausar stöður við Bláskógaskóla Laugarvatni

Hefur þú áhuga á að koma að kennslu í litum samreklam leik- og grunnskóla skóla títi á landi? Við erum staðsett um klukkustund frá höfuðborgarsvæðinu og það er hálf tíma keyrsla á Selfoss. Nemendur í skólanum eru 71 á leik- og grunnskólastigi. Það eru nokkrar áhugaverðar stöður í boði og ef þú hefur áhuga þá endilega sendu okkur línu eða hafðu samband símileiðis:

- Deildarstjóri á leikskóla
- Leikskólakennari 100% staða
- Handavinnukennari á grunnskólastigi (hlutastarf)
- Dönskukennsla á grunnskólastigi (hlutastarf)
- Stuðningsfulltrúi á grunnskólastigi
- Aðstoð í eldhúsi leikskóla 40 %

Hér í skólanum er starfið í stöðugri þróun og hefur skólinn markað sér sérstöðu í útikennslu. Þar sem skólinn er samrekinn leik- og grunnskóli hefur samféllan á milli skólastiga verið góð og markviss. Stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám.

Skólinn er nú að endurvekja grænánastefnu sína. Kennarar vinna í margskonar teyllum á sama skólastigi og einnig þvert á skólastig og leggjum við ríka áherslu á góða samvinnu allra sem að skólasamfélaginu koma.



Hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð færni á öll helstu tölvufornit sem tengjast skólastarfinu er mikilvæg
- Gleði og samstarfsvilji skipta miklu máli þegar horft er til starfshátta.

Umsóknarfrestur er til 15. des. 2016.

Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Ef ekki fæst kennari með kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.

Nánari upplýsingar veitir Elfa Birksdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is

Kvenfélag Biskupstungna



Kæru sveitungar og aðrir velunnarar.

Sendum ykkur öllum hugheilar óskir um gleðileg jól, gott og gæfuríkt komandi ár. Hjartans þakkir fyrir stuðninginn á liðnum árum.

Ungmennafélag Biskupstungna



Ungmennafélag Biskupstungna óskar félagsmönnum sínum og íbúum

Bláskógabyggðar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Um leið þökkum við fyrir árið sem er að líða.



BISK-VERK ehf
REYKHOLTI BISKUPSTUNGUM

Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu.

Hestamannafélagið Logi



Óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum stuðning og gott samstarf á liðnu ári.

Bláskógaveita



Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu.



Feðgar á ferð á DVD diskum

Fréttamaðurinn Magnús Hlynur Hreiðarsson og sonur hans, Fannar Freyr hafa gefið út DVD disk með þáttum sínum „Feðgar á ferð“, sem sýndir voru á Stöð 2 sumarið 2015 og 2016. Um er að ræða tvo diska með tuttugu þáttum þar sem skemmtilegt og jákvætt fólk er heimsótt. Þeir sem eru ekki með Stöð 2 og hafa því misst af þáttunum geta nú horft á þá alla.

Í þáttunum eru 16 systkinin frá Kjóstöðum m.a. heimsótti, 80 ára afmæli Björns bónda í Úthlíð er gerð góð skil, farið er í sauðburð á Skarð í Landsveit, Guðni dósasafnari á Þverlæk er heimsóttur, 15 ára myntsafnari í Flóanum er sóttur heim og einn þáttur er um skrýtnustu hunda landsins og annar um þá staðreynd að ekkert kynlíf er á himnum, svo eitthvað sé nefnd. Diskarnir verða seldir í gegnum heimasíðuna www.fedgaraferd.is og í Krónunni á Selfossi og í Krónunni í Lindahverfinu í Kópavogi.

Feðgar á ferð – jólagjöfin 2016



Jólakortamyndatökur 2016

22.000 kr

Innifalið:

- 5 fullunnar myndir í lit og svarthvítu, tilbúnar til framköllunar
- Persónuleg hönnun á jólakorti
- Myndatakan getur bæði farið fram í stúdíói eða úti í náttúrunni

Tilvalið í pakkann til ömmu og afa



Ívar Sæland - S:863-5231 - www.ivalsaeland.is - ivar@ivalsaeland.is

Jólatónleikar

Skálholtsdómkirkju, 7. des. kl 20:00



Fram koma

Póra Gylfadóttir

Egill Árni Pálsson

Kammerhópurinn Cameractica

Skálholtskórinn

**Kirkjukórar Ólafsvalla-
og Stóra Núpskirkju**

Stjórnendur

Jón Bjarnason

Þorbjörg Jóhannsdóttir



Miðaverð: 2500 (posi á staðnum)



Leikskólinn Álfaborg 30 ára

Leikskólinn Álfaborg fagnaði 30 ára afmæli 27. október síðastliðinn. Hann var stofnaður af foreldrum úr Tungunum árið 1986 og hófst starfsemin í sumarbúðunum í Skálholti. Þá var skólinn opinn þrjá daga vikunnar frá kl 13:00 – 17:00. Í mars 1989 var svo ákveðið að leikskólinn yrði í gamla skólanum í Reykholti. Haustið 1990 tók Biskupstungnahreppur við rekstrinum af foreldrum og þá var ákveðið að hafa skólann opinn fimm daga vikunnar frá kl 13:00-17:00. Árið 1991 var síðan tekin upp átta tíma vistun og þá bættist við heitur matur í hádeginu frá skólamötuneyti. Í dag erum við staðsett til bráðabirgða í Bláskógaskóla í Reykholti. Tímarnar hafa breyst mikið og núna er leikskólinn opinn alla daga vikunnar frá kl 08:00-17:00 og nánast öll börnin eru fimm daga vikunnar í leikskólanum. Áður hafði verið hefð fyrir því, að flest börnin væru einungis fjóra daga vikunnar. Atvinnumynstur íbúa sveitarfélagsins er að breytast þar sem atvinnumöguleikar hafa aukist og í flestum tilfellum eru báðir foreldrar útvinnandi.

Til stóð að hafa afmælisveislu og gera sér glaðan dag í tilefni þess að leikskólinn varð 30 ára. Búið var að stofna undirbúningsnefnd sem átti að skipuleggja afmælið. Þessi plön tóku þó óvænta stefnu, þegar raki og mygla kom í ljós í leikskólanum í sumar og ljóst var að við gætum ekki farið þar inn, eftir sumarfrí. Þá var ákveðið að biða með afmælisveisluna, þar til að komið væri í ljós hvernig þetta færi með leikskólann. Í dag er komið í ljós að við förum ekki aftur í gamla skólann, og verið er að kanna hvað möguleikar eru bestir í stöðunni og hvar við getum verið í framtíðinni. Ég fékk í framhaldi tölvupóst frá kvenfélagi Biskupstungna, þær vildu endilega gera eitthvað fyrir okkur, þar sem þær höfðu frétt af því að við hefðum þurft að henda miklu af dóti skólans, vegna myglunnar. Þær höfðu þá þegar, gefið leikskólanum í afmælisgjöf, verkefnið Lubbi finnur málbein.

Foreldrafélagið vildi einnig gera eitthvað og upp kom sú hugmynd, hvort að ekki væri hægt að hafa styrktartónleika fyrir leikskólann. Farið var í mikla undirbúningsvinnu og ákveðið að vera með tónleikana á afmælisdegi skólans. Mikið er til af góðu tónlistarfólki hérna í sveitinni og voru allir boðnir og búnir til þess að leggja sitt að mörkum til þess að gera kvöldið sem skemmtilegast. Þar að auki kom Svavar Knútur og tók nokkur lög fyrir okkur. Þetta var yndislegt kvöld í góðum félagsskap og færum við þeim okkar allra besta þakklæti fyrir. Kvöldið var skemmtilegt frá byrjun til enda, vegna ykkar, og aldeilis ekki sjálfsagt að gera þetta. Mig langar einnig fyrir hönd leikskólans að þakka þeim kröftugu og frábæru konum, sem eru í kvenfélagi Biskupstungna, fyrir mikinn hlýhug í okkar garð og fyrir alla þá vinnu sem þær lögðu í að gera þetta kvöld að veruleika og fyrir þær flottu veitingar sem voru í boði þetta kvöld. Það lá greinilega mikil vinna að baki þessu og vil ég færa ykkur, kæru kvenfélagskonur, okkar allra bestu þakkir. Ég varð svo heilluð af þessum ósérhlífnu og flottu konum, að ég ákvað að skrá mig í kvenfélagið.

Foreldrafélagi leikskólans ásamt Herdísí Friðriksdóttur, sem sat alla fundina með okkur fyrir hönd kvenfélagsins, vil ég einnig færa mínar allra bestu þakkir fyrir allan undirbúninginn og frábært og vel skipulagt kvöld. Auk þess viljum við færa Sigurði Sólmundarsyni sérlegar þakkir fyrir að stjórna uppboðinu, og gera það á svona einstaklega skemmtilegan hátt, sem var án efa einn af hápunktum kvöldsins. Að lokum vil ég þakka öllum sem styrktu okkur og þeim, sem komu og áttu góðar stundir með okkur í Aratungu þetta kvöld, kærlega fyrir okkur. Við munum nýta þennan styrk til að gera vel við börnin í leikskólanum, sem er jú það allra dýrmætasta sem við eigum. Þegar búið verður að staðsetja okkur og opna leikskólann á nýjum stað, verður að sjálfsögðu slegið til veislu, og haldin opnunar/afmælishátíð og ykkur er öllum boðið.

Með vinsemd og virðingu
Regína Rósa Harðardóttir
Leikskólastjóri Álfaborgar.

